

Sett verði í sóknarprestsembætti í Bíldudalsprestakalli frá 1. nóvember 2002 til ársloka 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur hafa þeir prestar kosningarrétt sem settir eru til þjónustu í kjördæminu til lengri tíma en eins árs samfellt.

2. gr.

Í stað orðanna „tvo menn í stjórn Kirkjubyggingasjóðs, sbr. lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 21 18. maí 2002 og mann í skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 1. mgr. 35. gr. komi: og kjósa fulltrúa í kirkjugararáð.

1.-4. tl. 1. mgr. 35. gr. falla brott. 5. tl. verður 1. tl. og 6. tl. verður 2. tl.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.